

Sáluhjálp - trú

Hvernig greina má leiðina til sáluhjálpar: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til Föðurins, nema fyrir mig. Ef þér hafið þekkt mig, munuð þér og þekkja Föður minn. Héðan af þekkið þér hann og hafið séð hann...Faðirinn og ég erum eitt. (Jh 14:6-7)

Ert þú frelsaður/frelsuð?

Hvað felst í hugtakinu trú? Hverju svara kaþólskir?

Þegar spurningunni um frelsun er varpað fram, þá er að mörgu að hyggja í viðleitninni til að skilgreina og túlka á grundvelli Heilagrar ritningar hvernig öðlast megi sáluhjálp fyrir hollustu við Guð, því af eigin rammleik, sökum syndugar eðlishneigðar okkar til þeirrar sjálfhverfu sem Guð hefur vanþóknun á, erum við ófær um, af sjálfsdáðum, að koma okkar eigin frelsun til leiðar, eins og Jesús kvað á um: „Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gjört.“ (Jh 15:5) Eða eins og segir í fyrri Samúelsbók: “en hinir guðlausu farast í myrkri, því að fyrir eigin mátt sigrar enginn.“ (1S 2:9)

Skírnin er fyrsta þrep í átt að frelsun í Kristi á þeirri stundu, þegar erfðasyndin missir vald sitt og við fæðumst á ný og verðum eitt í Kristi. (Gl 3:28) En til þess að læra að lifa hinu nýja lífi í Kristi þarf leiðsögn, leiðsögn þeirrar kirkju sem Kristur stofnaði, kirkjunnar sem skráði boðskap Hans og varðveitti túlkun postulanna, erfðakenninguna, okkur til hjálpræðis. Til að svara köllun Guðs þarf því tvíþætta þekkingu, því Biblían ein nægir ekki til að svara spurningum þeim er lúta að sáluhjálpi. Túlkun postulanna á boðskap hennar, erfðakenningin, arfleifð Kaþólsku kirkjunnar, er snar þáttur í að skilja hvernig lífinu sé best lifað í ljósi eilífðar og þann boðskap Guðs, sem leiðir til frelsunar. Túlkun á orði Guðs án hliðsjónar af erfikenningu kirkjunnar leiðir auðveldlega til mistúlkunar og ranghermi.

Sá Guð, sem kaþólskir tilbiðja og treysta á í von um „frelsun,“ er, eins og áður segir, hin heilaga Þrenning, Faðir, Sonur og Heilagur Andi, þrjár persónur í einum Guði, hinum þríeina Guði, sem kaþólska kirkjan skilgreinir sem hreinan óskilyrtan kærleika og réttlæti. (1 Jh 4:8) Önnur persóna hinnar heilögu Þrenningar, hinn holdtekni Sonur Guðs, Jesús Kristur, er boðberi og aflvaki kærleiksboðorðanna tveggja, sem liggja til grundvallar sáluhjálpar. Í fyrsta lagi, ber að elska Guð, uppsprettu alls kærleika, af öllu hjarta og allri sálu, og í öðru lagi ber einnig að elska náungann eins og sjálfan sig eða eins og segir í Heilagri ritningu: „Og þetta boðorð höfum vér frá honum, að sá sem elskar Guð á einnig að elska bróður sinn.“ (1 Jh 4:21)

Það er fyrir trú á Boðbera þessara tveggja boðorða, Son Guðs, Jesú Krists, sem menn munu hólþnir verða, eins og Kristur sjálfur áminnir í Heilagri ritningu: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Sá sem heyrir orð mitt og trúir þeim, sem sendi mig, hefur eilíft líf og kemur ekki til dóms, heldur er hann stigin yfir frá dauðanum til lífsins.“ Og til frekari áréttingar áminnir Jóhannes postuli að: „Sá sem ekki trúir Guði hefur gjört Hann að lygara af því að hann hefur ekki trúað þann vitnisburð, sem Guð hefur vitnað um Son sinn...og þetta er vitnisburðurinn, að Guð hefur gefið oss eilíft líf og þetta líf er í Syni Hans. Sá sem hefur Soninn hefur lífið, sá sem ekki hefur Guðs Son á ekki lífið. Þetta hef ég skrifað til þess að þér vitið, að þér hafið eilíft líf.“ (Jh 5:24; 1Jh 5:10-13; 1Jh 5:10). Mörgum kann að þykja þessi boðskapur óvæginn, en fordæmingin sem felst í afneitun Guðs Sonarins er afneitun á holdi klæddum kærleikanum sjálfum og hlýtur því frekari vottun af Kristi sjálfum með eftirfarandi varnaðarorðum að: “sá sem ekki trúir mun fordæmdur verða.“ (Mk 16:16) Og að „sá sem ekki trúir, er þegar dæmdur.“ (Jh 3:18) Páll postuli tekur í sama streng er hann áréttar að: „Án trúar er ómögulegt að þóknast Guði.“ (Heb 11:6)

Eins og að ofan greinir þá falla hugtökin trú á Guð og kærleikur nánast í sama farveg, þann eina „Veg“ sem leiðir til sáluhjálpar eða frelsunar í Kristi. Þess ber þó að gæta að hugtakið trú felur ekki aðeins í sér að játa trú á hollustu við Krist með vörunum einum,

heldur þarf kærleikurinn og vilji mannsins til að halda boðorð Guðs að birtast í allri kærleiksverund hins trúaða eins og segir í fyrsta Jóhannesarbréfi: „Því að í þessu birtist elskan til Guðs, að vér höldum Hans boðorð.“ (1 Jh 5:3 sjá einnig 1 Kor 13:4-7). „Á því vitum vér að vér þekkjum Krist, ef vér höldum boðorð Hans. Sá sem segir: Ég þekki Hann, og heldur ekki boðorð Hans er lygari og sannleikurinn er ekki í honum,“ áminnir Jóhannes postuli og bætir enn fremur við: „Þeim sem segist vera stöðugur í Honum, honum ber sjálfum að breyta eins og Hann breytti.“ (1 Jh 2:3-6) Kristur sjálfur kveður enn fastar að orði er Hann áminnir til viðvörunar falskennimanna að „Þessi lýður heiðrar mig með vörunum, en hjarta þeirra er langt frá mér. Til einskis dýrka þeir mig, er þeir kenna þá lærdóma, sem eru mannasetningar einar.“ (Mk 7:6)

Einnig ber að minnast þess og hafa í huga að hugtakið trú, samkvæmt skilgreiningu Páls postula, er ekki bara trú á það sem er innan skynsviðs mannsins, heldur nær trú á boðskap Jesú Krists langt út fyrir mannlegt skynsvið og rökrænan skilning eins og segir í Hebreabréfi „Trúin er fullvissa um það, sem menn vona, sannfæring um þá hluti, sem eigi er auðið að sjá.“ (Heb 11:1) Nærtækt dæmi um fullvissu slíkrar yfirskilvitlegrar trúar er trú föður trúarinnar, Abraham, og von hans um að Guð muni vel fyrirsjá. Þegar hann hlaut eldskírn trúar sinnar og var reyndur af Guði, trúði hann skilyrðislaust í von um að hún samverkaði til góðs, án þess að hika eða véfengja orð Drottins og því bjóst hann til að fórnfæra son sinn, Ísak, að boði Guðs, þótt skipun Guðs gengi í algjört berhögg við mannlegan skilning á kærleika. Á sama hátt hlýða kapólskir í dag, líkt og postularnir 12, orðum Jesú við Síðustu kvöldmáltíðina, skilyrðislaust fyrir trú og von um sálhjálp, er þeir meðtaka hold Hans og blóð í formi hins gerbreytta brauðs og víns í heilagri Messu. En það er einmitt í krafti þessa Allrahelgasta Altarissakramenti, sem Kristur boðar öllum þeim sem þess neyta, eilíft líf, á meðan sá „sem etur brauðið eða drekkur bikar Drottins óverðuglega (ekki í trú á viðveru hins raunverulega líkama, sálar og blóðs Jesú eða er ekki í náðarástandi), verður þess vegna sekur við líkama og blóð Drottins. Því eins og Jóhannes postuli áminnir að „hver maður prófi sjálfan sig og eti síðan af brauðinu og drekki af bikarnum. Því að sá sem etur og drekkur án þess að dæma rétt um líkamann,

hann etur og drekkur sjálfum sér til dóms.“ (Jh 6:47 ff; 1Kor 11:27-30. Sjá einnig I Kor 10:18) Fyrrgreind tilvitnun skýrir því um leið hvers vegna sá, sem ekki hlýðir beinum orðum Krists, er ekki leyft að meðtaka hold og blóð Jesú Krists í heilagri kaþólskri Messu, þar sem í slíku tilfalli væri um að ræða vanhælgun viðkomandi aðila, á þeirri trú sem Kristur boðaði postulum sínum og að auki væri engin trygging fyrir þeirri forsendu, sem kaþólskum er skylt að lúta er þeir meðtaka hið Allrahelgasta Altarissakramenti, þ.e. að viðkomandi sé í því tilhlýðilega náðarástandi, sem hann öðlast vissu fyrir í krafti skriftasakramentisins, eins og síðar verður skilgreint nánar.

Af framansögðu leiðir að trú, sem felur í sér elsku til Guðs og á að leiða til frelsunar, er ekki þóknanleg Guði nema hún birtist einnig í ytra athæfi, þ.e. því sem við gerum og gerum ekki af guðlegum ótta við að gera á hlut Guðs, því eins og Heilög ritning kveður á um: „að hver sem af Guði er fæddur syndgar ekki, sá sem af Guði er fæddur varðveitir Hann og hinn vondi snertir hann ekki.“ (Jh 5: 18) Það sem Guð hafnar sem synd blessar hinn sanntrúaði því ekki. Í framhaldi af því og til frekari áréttingar bætir hl. Jóhannes við til varnaðar að menn skuli gæta að gjörðum sínum: „Hver sem drýgir synd heyrir djöflinum til, því að djöfullinn syndgar frá upphafi. Til þess birtist Guðs Sonur, að Hann skyldi brjóta niður verk djöfulsins.“ (Jh 3:8, sjá einnig Kor 6:9)

Páll postuli velkist ekki í vafa um að það að trúa sé ekki bara einfaldlega staðlaus yfirlýsing um trú á eilífa sáluhjálp án tilhlýðilegrar endurspeglunar í lífi og athöfnum, eins og eftirfarandi tilvitnun kynni að gefa til kynna án frekari íhugunar, samhengis og tilvitnanna: „Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn og trúir í hjarta þínu, að Guð hafi vakið hann upp frá dauðum, muntu hólpinn verða. Með hjartanu er trúað til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis.“ Ef litið er til annarra áminninga Jesú Krists og postulanna varðandi víðtækari skilning á hugtakinu trú og birtingamynd hennar í lífi og starfi einstaklingsins, þá er að ýmsu að huga eins og vísað var til í upphafi þessarar greinar og lesa má í eftirfarandi ómyrkum áminningum um að efla stöðugt trúfestuna í „ugg og ótta“ við að vanvirða þann Guð, sem sendi Son sinn eingetinn til að

boða okkur hjálpræðið og vonina um upprisu að lokinni lífsgöngu. (Sjá Rm 10:9; Fl 2:12; 1Kor 9:27,10:12; Gl 5:1,4; Fl 3:11-14; 1Tm 4:1, 5:15)

Fullburða trúarjátning, samkvæmt boðskap Páls postula, sem leiðir til sálhjápar og samvista við Guð og alla heilaga á himnum, felur í sér ekki aðeins trúarjátningu með vörum einum, eins og áður segir, heldur þá áskorun, sem ósjálfrátt leiðir af kærleika til Guðs og manna, að afneita syndinni - að afneita því sem Guði er vanþóknanlegt. Hjá Matteusi postula kveður við sama áminningartón „Ef þú vilt ganga inn til lífsins, þá haltu boðorðin.“ (Mt 19:17) Og Jakob postuli velkist heldur ekki í vafa um að kærleikur, sem ekki kemur fram í athæfi eða verkum sem samrýmast boðorðunum um að elska Guð og náungann, sé í raun lífvana einkenni dauðadýrkenda, sem ekki eiga sér von um sálhjálp. Hann kveður svo á um að skorti birtingarmynd trúarinnar í athöfn eða verki, þá sé hún dauð: „Eins og líkaminn er dauður án andans, er trúin dauð án verkanna.“ (Jk 2:26) Samkvæmt ofangreindri skilgreiningu er sú fullyrðing sumra utankirkjumanna að kapólskir einfaldlega vinni sér leið til himna með verkum sínum einum, ranghermi. Réttilega kennir Kapólska kirkjan að verk og athafnir hinna trúuðu eigi að endurvarpa þeirri trú, sem inni fyrir býr og þannig má einnig með réttu skilja orð sálmaskáldsins í Gamla Testamentinu að Guð „geldur sérhverjum eftir verkum hans.“ (Sl 62:13) eða eins og hl Jakob áminnir að: „Eins er líka trúin dauð í sjálfri sér, vanti hana verkin.“ (Jk 2:17) „Hver er vitur og skynsamur yðar á meðal? Hann láti með góðri hegðun verk sín lýsa hóglátri speki...“ (Jk 3:13)

Fyrir trú á þann Guð, sem í Heilagri ritningu er skilgreindur sem óskilyrtur kærleikur, öðlast maðurinn, sem í eðli sínu er sjálfelskur, hlutdeild í guðlegum óskilyrtum kærleika og hneigist hann því síður að frum eðlisávísun sinni, sjálfelskunni, hinni föllnu náttúru, sem er afleiðing erfðasyndarinnar. (1Jh 4:8) Hugarfar hins trúaða, sem leitar fyrirmyndar í leiðarljósi Jesú í trú og í verki, ber ágæti kristinnar trúar vitni ekki aðeins í innri, heldur einnig í ytri veruleika kærleiksverka og athafna, en í þeirri „lífandi“ trú felst vonin um frelsun eða eilífa sálhjálp samkvæmt kenningum hinnar postullegu Kapólsku kirkju.

Fyrir hinum sanntúaða er Guð því ekki frelsissvipting, heldur frelsari sem leysir einstaklinginn undan ánauð syndafjötra, sem eiga rætur sínar að rekja til hinnar eðlislægu sjálfseksu, óhamingju stuðlinum, sem maðurinn í vanmætti sínum ræður ekki allskostar við að hemja og stjórna án tilstyrks frá hinum yfirnáttúrulega krafti Guðs.

Texti: Útdráttur úr páfabréfi Lumen gentium. 48

Þar sem vér þekkjum hvorki daginn né stundina verðum vér, samkvæmt boði Drottins, að vera stöðugt á verði svo að vér megum, þegar voru eina jarðlífi lýkur (sbr. Heb 9.27), ganga með honum inn til brúðkaupsins og teljast til hinna blessuðu (sbr. Mt 25. 31-46), svo að vér verðum ekki sem illir og latir þjónar (sbr. Mt 25. 26) að fara burt í hinn eilífa eld (sbr. Mt 25.41), í hin ystu myrkur þar sem verður grátur og gnístran tanna (Mt 22.13; 25.30), því áður en vér fáum að ríkja með hinum dýrlega Kristi verðum vér öll að koma fram fyrir „dómstóli Krists, til þess að sérhver fái það endurgoldið sem hann hefur aðhafst í líkamanum, hvort sem það er gott eða illt“ (2Kor 5.10). Við lok tímanna munu „þeir sem gert hafa hið góða rísa upp til lífsins en þeir sem drýgt hafa hið illa til dómsins.“ (Jh 5.29;Mt 25.46). Vér teljum því „að ekki séu þjáningar þessa tíma neitt í samanburði við þá dýrð sem á oss mun opinberast“ (Rm 8.18; sbr. 2Tm 2.11-15). Vér bíðum eftir því, sterk í trúnni, „Í eftirvæntingu vorrar sælu vonar að hinn mikli Guð og frelsari vor Jesús Kristur opinberist í dýrð sinni“ (Tt 2.13), hann sem „mun breyta veikum og forgengilegum líkama vorum og gera hann líkan dýrðarlíkama sínum“ (Fl 3.21). Hann mun koma „til að vegsamast meðal sinna heilögu og hljóta lof meðal allra sem trú hafa tekið“ (2P 1.10).

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn